

3
12. febr.

L Ö G

um samkomudag reglulegs Alþingis 1954.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Reglulegt Alþingi 1954 skal koma saman 9. dag októbermánaðar, hafi forseti Íslands eigi tiltekið annan samkomudag fyrir á árinu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 12. febrúar 1954.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Ólafur Thors.

4
8. febr.

AUGLÝSING

um breytingar á stofnskrá Alþjóðavinnuálagstofnunarinnar.

Ríkisstjórn Íslands samþykkti 12. desember 1953 breytingar þær á stofnskrá Alþjóðavinnuálagstofnunarinnar, er gerðar voru á Alþjóðavinnuálagþinginu á s. l. sumri.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 8. febrúar 1954.

Kristinn Guðmundsson.

Magnús V. Magnússon.

Fylgiskjal.

Breyting á stofnskrá Alþjóðavinnuálagstofnunarinnar.

Allsherjarþing Alþjóðavinnuálagstofnunarinnar, sem stjórn Alþjóðavinnuálagstofnunarinnar kvaddi til funda í Genf og kom saman til 36. þings 4. júní 1953, hefur ákveðið að í ákvæðum stofnskrárinnar um skipan stjórnarinnar skuli tölurnar: fjörutíu, tuttugu, sextán og tíu koma í stað talnanna „þrjátíu og tveir“, „sextán“, „tölf“ og „átta“, en þetta var áttunda mál á dagskrá þingsins, og því gerir það í dag, 25. júní 1953, eftirfarandi breytingu á stofnskrá Alþjóðavinnuálagstofnunarinnar, sem nefnist: Breyting frá 1953 á stofnskrá Alþjóðavinnuálagstofnunarinnar.

1. gr.

Í texta stofnskrár Alþjóðavinnuálagstofnunarinnar, sem nú er í gildi, skulu tölurnar: fjörutíu, tuttugu, sextán og tíu, hver fyrir sig koma í stað taln-